

2000-2001

Endurmenntun kennara

Skrifað 15 maí 2011

Endurmenntun kennara 2000-2001

Vettvangsnám fyrir raungreinakennara - Konráð Erlendsson og Hallur Reynisson

Nám á vegum EHÍ, kennari Jóhann Guðjónsson

Námskeiðið fór fram með fernum hætti: Þrjú fundir þar sem allir komu saman, vikulegir fundir innan skóla, fjarnám á netinu og uppsetning heimasíðu.

Stærðfræði - Hallur Reynisson

Nám við HÍ, Kennari Einar Steingrímsson

Um var að ræða tvo áfanga: almenn stærðfræði á háskólastigi og Línuleg algebra. Samtals 6 einingar.

Námsefni og yfirferð

Skrifað 15 maí 2011

Námsefni og yfirferð 2000-2001

Haustönn 2000

Konráð Erlendsson

Nát 113 Jarðfræði

Þetta er nýr áfangi með nýju námsefni. Aðallesefni var bráðabirgðaútgáfa af Jarðfræði eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. Ekki reyndi til fulls á framkvæmd áfangans vegna verkfallsins og varð efnisyfirferð minni en áætlun gerði ráð fyrir. Námsmat byggðist 30% á vinnuframlagi á önninni og 70% á lokaprófi. Verkfallið bitnaði mest á verkefnavinnunni og var því fábreyttara það sem stóð á bak við vinnuframlagsþáttinn.

Lan 103 Almenn landafræði

Í þessum áfanga var notuð nýútkomin bók: Landafræði - maðurinn, auðlindirnar, umhverfið í þýðingu Jónasar Helgasonar. Þetta er afar falleg og læsileg bók sem mikill matur er í, en enn vantar að útbúa verkefnahefti með henni. Aftur setti verkfallið strik í reikninginn og fór áætlun úr skorðum, einkum urðu verkefni færri og minni en venja er, en ásættanleg efnisyfirferð náðist.

Rit 103 Ritvinnsla

Í þessum áfanga kenndi ég 2/3 hluta efnisins ásamt Grétu, þ.e.a.s. notkun MS-Word og Excel. Enn virðist full þörf fyrir þennan áfanga þrátt fyrir viðleitni til að ljúka þessari þjálfun í grunnskóla.

Námsmat í ritvinnsluhluta byggðist á 3 stöðuprófum (80%) og verkefnaskilum (20%).

Ragnar Bjarnason

Nær 103 Næringarfræði

Bókin Næring og hollusta var lögð til grundvallar áfanganum en hún er eftir Elísabet S. Magnúsdóttur næringarfræðing. Fjallað var um næringarefnin og innan þess ramma orkuefnin. Hvað þessi efna gera fyrir líkamsstarfsemina, í hvaða fæðutegundum við fáum þau og í hvaða magni. Einnig var fjallað um næringargildi matvara í hverjum fæðuflokki fyrir sig og sérfræði fyrir sérstaka hópa fólks svo sem sjúklunga, ófrískar konur, konur með barn á brjósti og börn svo eitthvað sé nefnt. Nemendur unnu verkefni eftir hvern kafla en þeir eru 22 að tölu. Þessi verkefni giltu 20% af lokaeinkunn. Þá unnu nemendur verkefni þar sem þeir skráðu niður fæðuneyslu sína í þrjá daga og reiknuðu svo út hlutfall næringarefnanna og upp úr því hvað betur mætti fara í mataræðinu miðað við markmið manneldisráðs. Þetta stóra verkefni gildi 20% af lokaeinkunn. Lokapróf var svo í lok áfangans og gildi það 60% af lokaeinkunn nemandans.

Markmið áfangans er að nemendur fræðist um hlutverk næringarefnanna, hvar og hvernig við fáum þau í réttum hlutföllum og hvernig best sé að haga fæðuvali með tilliti til þess. Einnig að nemendur öðlist þekkingu á því hvernig mataræði gæti þurft að breytast ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi svo sem sjúkdómur svo eitthvað sé nefnt. Nemendur ættu að geta gert sér grein fyrir hvaða efni og í hvaða hlutföllum hver fæðutegund inniheldur og geta sett saman heilnæmt fæði fyrir sig og sína eftir að hafa tekið þennan áfanga.

Íþf 202, þjálfarfræði

Efni sem ég hef safnað að mér um þjálfarfræði, ásamt bókinni Þjálfarfræði, sem þýdd er úr norsku, var lagt til grundvallar kennslu þessa áfanga. Eins og nafnið gefur til kynna er fjallað um þjálfun á margvíslegan hátt í áfanganum. Fjallað var um upphitun, þjálfun hraða, liðleika, krafts, snerpu, þols og skipulag þjálfunar ásamt uppbyggingu æfingastundar. Markmið áfangans var að nemendur skildu eiginleika þjálfunar og hvernig þjálfun virkar á líkamspætti og hvernig líkaminn bregst við álagi og áreiti, sem er undirstaða þjálfunar. Þetta á svo að gera nemendur hæfa til þess að þjálfva börn og unglunga að loknum áfanganum. Nemendurnir unnu sjálfstætt verkefni úr hverjum hluta sem tekinn var fyrir í kennslunni og einnig stórt þjálfunarverkefni þar sem þeir útbjuggu þjálfáætlun þar sem þeir sjálfir voru lagðir til grundvallar. Ásamt þessu sáu þeir um eina æfingastund hver eftir að hafa skipulagt hana út frá efni áfangans. Vegna verkfalls ákavað ég að hafa ekki lokapróf í áfanganum heldur meta nemendurna út frá fyrrgreindum verkefnum sínum og taldi ég mig hafa nægilega mikið magn upplýsinga í höndunum til þess.

Íþróttagrein 112, knattspyrna

Allt efni sem ég notaði í þessum áfanga er efni sem ég hef safnað að mér og útbúið til notkunar í honum. Meðal þess eru blöðin Sccess in soccer sem gefin eru út í Þýskalandi í samvinnu við þýska knattspyrnusambandið. Það sem kennt er í áfanganum eru undirstöðu tækniatriði knattspyrnunnar, líkamlegir og andlegir hæfileikar sem gera menn að betri knattspyrnumönnum, leikskilningur og hvernig

á að þjálfu upp þessi atriði hjá börnum og unglingum. Markmiðið er að nemendurnir nái grunnfærni sjálfir þannig að þeir geti framkvæmt sýnikennslu í þjálfun og að þeir þekki grunnatriði knattspyrnunnar þannig að þeir geti að loknum áfanganum þjálfað börn og unglinga í knattspyrnu. Kennslunni var skipt þannig að helmingur tímans fór í bóklega kennslu þar sem farið var í fræðilega þáttinn, og helmingur í verklega kennslu þar sem farið var í tækniatriði, leikskilning og ýmsar æfingar. Nemendur unnu ýmis verkleg og bókleg verkefni sem giltu 20% af lokaeinkunn og þeir tóku einnig verklegt próf sem gildi 20% af lokaeinkunn og lokaprófið sjálft gildi svo 60% af lokaeinkunninni.

Íþr 101 Íþróttir

Fyrri hluti bókarinnar Þjálfun-heilsa-vellíðan er lögð til grundvallar áfangans en í honum er fjallað um upphitun, þol, styrk og liðleika. Auk bókarinnar var lagt til efni sem ég hef safnað að mér sjálfur um framangreind atriði. Fjallað er um þessi atriði, hvernig þau tengjast líkamanum og líkamskerfunum og hvernig við æfum þau þannig að það sé rétt gert. Markmiðið er að nemendurnir verði læri hvernig þessi atriði eru þjálfuð og hvernig það kemur líkamanum til góðs í daglegu starfi og leik. Einnig að nemendurnir verði færir um að þjálfu sig sjálfir á réttan hátt án þess að skemma líkamann. Kennsla áfangans er þrískipt. Ein kennslustund í viku er bókleg, ein kennslustund í viku er verkleg og ein kennslustund í viku er sundtími. Nemendur unnu verkefni úr hverju atriði sem tekið var fyrir og giltu þau 20% af lokaeinkunn, mæting, virkni og áhugi giltu 30% af lokaeinkunn og lokapróf var svo tekið í prófaviku og gildi það 50% af lokaeinkunn.

Íþr 192 Þróttir

Þessi áfangi var byggður sérstaklega upp fyrir almennu brautina og tókst hann nokkuð vel. Þjálfun-heilsa-vellíðan var lögð til grundvallar en hlutirnir meðhöndlaðir á annan hátt. Reyndi ég að fá þau virk með miklum umræðum um efnið og reyndi að tengja hvert atriði þeim sjálfum persónulega þannig að skilningur næðist örugglega. Einnig var varið meiri tíma í verklega kennslu en í íþróttum 101 auk þess sem enginn sundtími var innifalinn í þessum áfanga. Reyndi ég að fara út með þeim til að hafa hreyfinguna sem fjölbreyttasta og við sem flestra hæfi. Farið var í leiki en einnig í nokkrar íþróttagreinar og þá helst handknattleik og körfuknattleik. Markmiðið í þessum áfanga var í raun það sama og í íþróttum 101. Mæting, virkni og áhugi auk verkefnavinnu gildi 50% af lokaeinkunn en skriflegt próf í lokin gildi 50% af lokaeinkunn.

Vím 191 Vímuvarnir

Markmið áfangans var að fræða nemendurna um hvernig og hvaða áhrif ávana- og fíkniefni hafa á mannlíkamann og gera þeim þannig ljóst skaðsemi notkunar slíkra efna. Efnið sem ég notaði var einhverskonar samtínungur úr því sem mér hafði borist sem forvarnafulltrúi auk efnis sem ég hef notað til kennslu í heilbrigðisfræði. Ég reyndi að virkja nemendurna sem mest og skapa umræður í tímum en auk þess lét ég þá vinna verkefni um fíkniefni heima og í tímum. Fræðslan virtist takast vel og mér tókst að fá fram mjög virka umræðutíma en það er svo annað mál hvort þeir fari eftir því sem rætt var í tímum. Ekki var sérstakt próf í lok áfangans en einkunn gefinn í samræmi við verkefnavinnu og virkni nemendanna.

Valgerður Gunnarsdóttir

Námsefni: Ýmis skáldverk, fræðirit og myndbönd

Námsmat: Verkefni og vinnusemi í tímum. 5 sérvalin verkefni úr verkefnaöppu.

Kennsluform: Markmið áfangans er að þjálfar nemendur í lestri og ritun. Því er lestur og ritun fyrirferðamesta kennslu formið. Nemendur safna verkefnum sínum saman í sérstaka verkefnaöppu.

Ísl 212 Íslenska

Kennslugögn:

Einar Már Guðmundsson: Englar alheimsins

Baldur Ragnarson: Stílfraeði

Valdimar Gunnarsson: Ágrip af setningafræði

Sigurborg Hilmarsdóttir: Ögn um hljóðfræði

Kjörbók.

Kennsluform: Verkefnavinna, fyrirlestarar, hópavinna, ritgerðarsmið

Námsmat: Ritgerðir 20%, Verkefni og ástundun á önninni 20 %, próf í annarlok 60%.

Hallur Reynisson

Stæ122

Námsefni: Stæ122 – höf. ~ Björn E. Árnason

Efnisyfirferð: Flatarmálsfræði, þríhyrningar ~ skiladæmi 1

Flatarmál, horn og hringir ~ skiladæmi 2

Rúmmál, yfirborð ~ skiladæmi 3

Hornaföll ~ skiladæmi 4

Námsmat: Skiladæmi, próf 30%

Lokapróf 1 35%

Lokapróf 2 35%

Nemendur þurfa að ná lámarki í báðum lokaprófum.

Stæ102

Námsefni: STÆ103 – höf. ~ Jón Þorvarðarson

Efnisyfirferð: Almenn brot, forgangsröð aðgerða, veldi ~ kaflapróf 1

Bókstafareikningur ~ kaflapróf 2

Jöfnur, jöfnuhneppi ~ kaflapróf 3

Hlutföll, prósentur, sannanir ~ kaflapróf 4

Námsmat: Skiladæmi, kaflapróf 40%

Lokapróf 60%

Nemendur þurfa að ná lámarki bæði í lokaprófi og vetrareinkunn.

Stæ363

Námsefni: STÆ363 – höf. ~ Jón Hafsteinn o.fl.

Efnisyfirferð: Mengjafræði

Fallafræði

Diffurreikningur

Hagnýting fallahugtaksins

Námsmat: Skiladæmi, próf 40%

Lokapróf 60%

Nemendur þurfa að ná lámarki 4,0 í vetrareinkunn til að fá próftökurétt

Stæ192

Námsefni: Efni frá kennara

Efnisyfirferð: Talnameðferð ~ skiladæmi 1

Almenn brot ~ skiladæmi 2

Jöfnur ~ skiladæmi 3

Formúlur ~ skiladæmi 4

Námsmat: Skiladæmi, próf 30%

Lokapróf 1 25%

Lokapróf 2 45%

Nemendur þurfa að ná lámarki í öllum námsmatsþáttum.

Sverrir Haraldsson

Dan 102

Kenndar voru bækurnar; Dansk der dur (lesbók og vinnubók) eftir þær Auði Hauksdóttur og Elísabet Valtýsdóttur, Flyskræk - Ti danske noveller (lesnar voru þrjár sögur) og efni frá kennara.. Í því fólst einkum málfræði og texti til að vinna með, einnig samtalsæfingar. Námsmat byggðist á lokaprófi (ca.70%), miðannarprófi (10%), verkefni og ástundun (20%).

Dan 212

Kenndar voru bækurnar; Danmarks-Mosaik 2 (textabók og vinnubók), Min ven Thomas (roman) og málfræðiæfingar og annað ljósritað efni Lesnar voru smásögur og textar úr blöðum og tímaritum.

Námsmat byggðist á lokaprófi (60%), prófi úr bókinni Min ven Thomas (15%),

önnur verkefni og ástundun (15%), miðannarverkefni 10%

Sag 222

Meginkennslubók var Þættir úr sögu vestrænnar menningar – Nýöldin 1492-1848. Höfundar eru Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson. Auk þessa var ítarefni frá kennara varðandi sum viðfangsefni. Var þar einkum stuðst við önnur rit og netið. Námsmat var með eftirfarandi hætti: ýmis verkefni 20%, próf í október 30% og lokapróf 50%

Fél 303

Meginkennslubókin var Maður og jörð, félagsfræði 3 eftir Ian Robertson. Auk þess var ítarefni frá kennara varðandi nokkur þemu, s.s. blaðagreinar, lestur tímaritsgreina og netið. Námsmat var með eftirfarandi hætti: Próf í byrjun okt 30%, þrjú aðskilin verkefni ,10% hvert (rannsóknarvinna) og próf í annarlok 40%.

Upp 103

Meginkennslubók var Uppeldi - kennslubók fyrir framhaldsskóla eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur. Auk þess var stuðst við tímarit, s.s. Uppeldi og Barnaheill og lesnar allmargar greinar úr þeim. Námsmat var með eftirfarandi hætti: Tvö hlutapróf úr kennslubók 20% hvort, verkefni af ýmsu tagi 15%, ritgerð 20% og próf í annarlok 25%

Lkn 101

Mest allt námsefni frá kennara í formi glósa og fyrirlestra, auk þess var notuð bókin Stattu þig - námstækni framhaldsnáms eftir Andrés Magnússon og fl. Ekkert eiginlegt próf er í þessum áfanga. Öll vinna nemenda er hins vegar metin allan tímann (símat), s.s. verkefni og ástundun.

Vgr 102

Ekkert eiginlegt námsefni er í þessum áfanga. Námið byggir á heimsóknum og vinnu nemenda á vinnustaði. Um er að ræða viðveru sem nemur 2 klst. á viku. Nemendur eiga að kynast að eigin vali ákveðnum störfum og/eða vinnustöðum í nágrenni Framhaldsskólans á Laugum. Námsmat byggist á dagbók sem nemendur halda allan tímann og á mati forráðamanna viðtökustaða.

Kristín Jónsdóttir

Ísl 102

Í þessum áfanga var lögð áhersla á að nemendur treystu kunnáttu sína á öllum sviðum lestar og læsu fjölbreyttan texta, bókmenntatexta jafnt sem aðra. Í áfanganum var unnið með bækurnar: Við Urðarbrunn eftir Vilborgu Davíðsdóttur, Hagnýt skrif eftir Gísla Skúlason, Ég vildi ég væri... eftir Þuríði Jóhannsdóttur og Ljóðamál eftir Þá Braga Halldórsson og Knút Hafsteinsson. Auk þessa skiluðu nemendur kjörbókarritgerð. Námsmat var þannig að verkefni giltu 25%, ritgerð 15% og lokapróf 60%. Fjórtán nemendur þreyttu próf og stóðust allir nema einn.

Ísl 413

Skoðaðar voru helstu stefnur og straumar í íslenskum bókmenntum frá nýrómantík til nútíma. farið var yfir íslenska bókmenntasögu þessarar aldar, gluggað í bókmenntafræði og valdir textar lesnir - bæði sögur og ljóð. Salka Valka eftir Halldór Laxnes var megin viðfangsefni áfangans auk þess sem nemendur skiluðu kjörbókarritgerð. Vegna verkfalls og brotthvarfs kennara var nám í þessum áfanga metið. Alls sóttu 11 nemendur áfangann og stóðust allir mat.

Arnór Benónýsson

Lkn 192

Í þessum áfanga var lögð sérstök áhersla á tjáningu. Nemendur voru þjálfaðir í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum. Unnið var í hópum, pörum og með hvern og einn einstakling. Námsmat: símat sem byggðist á verkefnavinnu, virkni, sjálfstæði og frumkvæði nemandans í umræðum.

Nemendur voru sjö og skiluðu allir fullnægjandi árangri.

Lkn 121

Þetta var nýr áfangi sem fjallaði aðallega um samspil einstaklings við umhverfi sitt. Meginstefið var nýting náttúruauðlinda og mengun. Samspil ferðaþjónustu og umhverfisverndar var skoðað sérstaklega og unnu nemendur verkefni um það þema.

Símat var í áfanganum þar sem verkefnavinna, virkni og frumkvæði nemendans var lagt til grundvallar. Nemendur voru 15 og stóðust allir mat.

Lek 192

Í áfanganum voru nemendum kynnt undirstöðuatriði leiklistar. Kvikmyndir voru skoðaðar og greindar. Nemendur voru hvattir til að fylgjast með umfjöllun um leiksýningar í fjölmiðlum og gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstyðja þær.

Þá voru flutt ljóð, ræður og raddbeiting og framsögn þjálfuð.

Námsmat: símat sem byggðist á frumkvæði, sköpun og virkni nemenda.

Níu nemendur sóttu áfangan og stóðust allir þær kröfur sem gerðar voru.

Ísl 323

Fjallað var um íslenska bókmenntasögu frá siðaskiptum til upphafs 20. aldar og nemendum kynntar helstu bókmenntastefnur og straumar tímabilsins. Skoðað var sérstaklega hvernig bókmenntirnar spegla þjóðfélagsaðstæður, mennignagarlíf og tíðaranda á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis.

Unnið var með Bók af bók eftir Silju Aðalsteinsdóttur og Íslandsklukkan eftir Halldór Laxnes lesin og greind. Nemendur unnu síðan viðamikla ritgerð um Jónas Hallgrímsson. Verkefni giltu 20% ritgerð 20% og lokapróf 60%.

Tólf nemendur þreyttu próf og stóðust allir.

Fél 103

Fjallað var um grunneiningar samfélagsins einstaklinginn og fjölskylduna. áhersla var lögð á að nemendur áttuðu sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á hann og hvernig hann getur haft áhrif á samfélagið. Stefnt var að því að nemendur öðluðust skilning á uppbyggingu og skipulagi eigin samfélags og annarra. Bókin Félagsfræði - einstaklingur og samfélag eftir Garðar Gíslason var lögð til grundvallar

auk þess sem heimilda var leitað á netinu. Mikil verkefnavinna var í áfanganum auk hlutaprófa en kennslan byggist upp á umræðum þar sem kjarnans var leitað.

Námsmat: símat sem byggðist á verkefnavinnu, hlutaprófum og virkni og frumkvæði í umræðum. Sextán nemendur sóttu áfangann og stóðust allir nema einn þær kröfur sem gerðar voru.

Fél 203

Í þessum áfanga var unnið með nýútgefna bók Félagsfræði - kenningar og samfélag eftir Garðar Gíslason. Þessi bók er viðamikil og vönduð, en helsti galli hennar er að hún er svo efnismikil að erfitt er að koma öllum efnisatriðum til skila þannig að nemendur öðlist á þeim fullan skilning. En auðvita hafði verkfall áhrif hér eins og annars staðar. Mikill kostur er hins vegar að í bókinni eru birtar fjölmargar vefslóðir sem hægt er að leita til um frekari upplýsingar og skýringar. Fjallað var um helstu frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar greinarinnar svo sem samvirkni -, samskipta- og áttakakenningar. Nemendur unnu mörg hópverkefni og var upplýsingatæknin óspart notuð við vinnslu þeirra.

Símat var viðhaft í þessum áfanga þar sem metin voru verkefni, vinnuframlag, virkni og frumkvæði nemenda. Níttján nemendur sóttu áfangann og stóðust allir mat.

Vorönn 2001

Konráð Erlendsson

Nát 123 Eðlis- og efnafræði

Þetta er nýr áfangi sem ég kenndi í félagi við Hall Reynisson. Skiptum við honum til helminga í efna- og eðlisfræðihluta og gafst það ágætlega. Aðallesefni var nýútkomin bók, Eðlis- og efnafræði eftir Rúnar S. Þorvaldsson, falleg og læsileg bók. Námsfnið er samþjappað og nokkuð yfirgripsmikið með miklum verkefnum og dæmum, þannig að vel þurfti að halda á spöðunum til að ljúka því. Það bitnaði eins og venjulega á verklegum æfingum sem urðu minni en til stóð. Ég mun leggja til að næst verði efnisyfirferð dregin eitthvað saman en verklega þættinum gerð betri skil.

Námsmat byggðist 30% á vinnuframlagi og 70% á lokaprófi.

Nát 103, Líffræði

Þetta er nýr áfangi en sá galli var á að ekkert námsefni var komið út og varð því að byggja á bókinni Lífið eftir M.B.V. Roberts að mestu leyti. Efnisyfirferð gekk samkvæmt áætlun. Mörg verkefni fylgja efninu. Notkun smásjár var æfð, en sumar smásjárnar eru farnar að gefa sig og þyrfti að huga að því að yfirfara þær fyrir veturinn.

Lan 103 Almenn landafræði

Þetta er sami áfangi og kenndur var á haustönn, en nú með nemendum af 3. og 4. ári.

Námsmat byggðist 40% á vetrarvinnu og 60% á lokaprófi.

Rit 103 Ritvinnsla

Sami áfangi og á haustönn, nú fyrir þá sem eftir voru af félagsfræðibraut og alla nemendur almennrar brautar.

Námsmat í ritvinnsluhluta byggðist á 3 stöðuprófum (80%) og verkefnaskilum (20%).

Ragnar Bjarnason

Sál 103 Sálfræði

Við kennslu þessa áfanga notaði ég bókina Sálfræði I eftir Atkinson, Atkinson og Hilgard. Ekki var þó farið í gegnum hana alla heldur 1., 7., 8. og 9. kafla. Efni það sem fjallað var um var uppruni sálfræðinnar og kynning á helstu stefnum hennar og frumkvöðlum, nám og skilyrðing, minni og gleymaska og mál og hugsun. Kennslufyrirkomulag var þríþætt. Fyrirlestrar, verkefnavinna og þá verkefni sem ég hafði búið til úr efninu og umræður um efni bókarinnar. Auk þessa unnu nemendur í hópavinnu leikþætti um sjálfvalið efni áfangans sem þeir fluttu svo fyrir bekkjarfélaga sína. Þetta verkefni gildi 20% af lokaeinkunn. Verkefnavinna gildi 30% af lokaeinkunn, virkni og áhugi 10% af lokaeinkunn og svo voru tekin próf eftir hvern kafla sem hvert gildi 10% af lokaeinkunn (4 próf). Ekkert eiginlegt lokapróf var í áfanganum heldur var hverjum kafla lokið þegar búið var að taka próf í honum. Kennslan gekk vel en ég var mest ánægður að sjá hvernig til tókst við leikþættina, hvað allir voru virkir og hugmyndaþir og hvernig mismunandi efni bókarinnar var krufið og skoðað frá mismunandi sjónarhorni.

Hbf 102 Heilbrigðisfræði

Allt efni sem ég notaði í Hbf 102 hef ég safnað og sett saman til kennslu sjálfur. Þau atriði sem fjallað er um í áfanganum eru hreyfing og heilbrigði, skilgreinig á heilbrigði, smitsjúkdómar og sjúkdómavarnir, heilbrigðiskerfið, slys, átröskunarsjúkdómar, sjálfsvíg, ávana- og fíkniefni, mengun og depurð og þunglyndi. Markmiðið var að nemendur læri hvernig lifa megi lífinum þannig að sem minnst líkur séu á að eitthvað komi fyrir þá þannig að heilbrigði þeirra sé ógnað, hvað þeir geti gert og hvert þeir geti leitað ef eitthvað kemur upp sem ógnað getur heilbrigði þeirra, líkamlegu jafnt sem andlegu. Nemendur unnu verkefni bæði einstaklings og hópa og giltu þau 20% af lokaeinkunn, þeir tóku tvö skyndipróf og giltu þau 10% af lokaeinkunn og próf í lok áfangans gildi 70% af lokaeinkunn. Nokkuð erfitt var að kenna þessum hópi og held ég að tvö atriði ráði þar mestu um. Annað er að fjöldi nemenda var nokkuð mikill eða 28 einstaklingar en hitt atriðið er samsetningin eða allt frá því að vera nemendur á almennu brautinni og upp í það að vera nemendur á 4. ári að fara að útskrifast.

Íþf 102 Íþróttfræði

Þetta er byrjunaráfanginn í íþróttfræðinni og er fjallað um skipulagningu þjálfunar, upphitun, lífstíl, íþróttir og íþróttameiðsli og grunvallarreglur í þjálfun í honum. Markmiðið er að nemendurnir tileinki sér grundvallaratriði þjálfraði til að byggja á í framtíðinni. Bókin Þjálfraði eftir Gjerset, Haugen og Holmstad var notuð við kennsluna og þá kaflar 1, 7, 8 og 11. Nemendur unnu bæði skrifleg og verkleg verkefni auk þess að kenna eina æfingastund hver. Giltu þessir þættir 20% af lokaeinkunn áfangans. Tvö skyndipróf voru tekin og giltu þau 20% af lokaeinkunn. Lokaprófið sjálft gildi svo 60% af lokaeinkunn. Kennslan gekk vel, fáir voru í hópnum og auðvelt að ná upp góðum og gagnlegum umræðum sem allir gátu tekið þátt í og tóku þátt í.

Íþf 111 Íþróttir

Nú er haldið áfram þar sem frá var horfið í íþróttum 101 og tekið fyrir líkamsbeiting, skyndihjálp og næring og mataræði. Markmiðið er það sama og í íþróttum 101 og kennslufyrirkomulagið það sama. Það sem breyttist er að allt fyrsta árið er saman í áfanganum í stað þess að skipta upp eftir brautum. Vegna

fjöldi var áætlaður tvöfaldur verklegur tími þannig að ég gat skipt upp hópnum ef ég vildi. Kennslan gekk ágætlega en heldur margir voru í verklegu tímum þegar að ég var með alla saman í einu í tíma.

Íþf 232 Íþróttfræði

Þessi áfangi er ritgerðaráfangi. Nemendurnir velja sér efni úr heimi íþróttanna til að fjalla um í heimildaritgerð. Krafa er gerð um að lengd ritgerðarinnar sé a.m.k. 20 blaðsíður, hafi inngang, efnisyfirlit, lokaorð og heimildaskrá og a.m.k. þrjár heimildir. Auk þessa setti ég skiladaga á efnisval, uppsetningu, beinagrind, lokaskil og kynningu ritgerðarinnar.

Íþróttaval

Íþróttaval er þannig skipulagt að þegar nemandi er búinn með íþróttir 101 og 111 fer hann í íþróttaval. Það virkar þannig að nemandi skráir sig í eitt af fjórum völlum og um leið skráir hann hvaða daga og klukkan hvað hann ætlar að mæta. Þetta gerir hann eftir skóla þegar að honum hentar og þarft hann að skila 2x1 klst á viku eða 3x40 mín. á viku. Ef hann mætir ekki í þann tíma sem hann var búinn að skrá sig í fær hann fjarvist. Einkunn er svo gefinn miðað við mætingu, virkni og áhuga. Þetta var svona bæði á haustönn og vorönn. Þeir fjórir hópar sem nemendurgeta skráð sig í eru sundval, trimmval, lyftingaval og boltaval. Mesta skráningin hefur verið í boltaval en trimmval og lyftingaval eru vaxandi. Nánast engin skráning er í sundval og er spurning hvort boðið verði upp á það í framtíðinni.

Valgerður Gunnarsdóttir

Íslenska 343

Kennslugögn

Fyrirlestarar kennara úr ýmsum greinum og skrifum um barnabókmenntir, m.a. bók Silju Aðalsteinsdóttur: Íslenskar barnabókmenntir 1780-1979. Ljósritaðar greinar um barnabókmenntir.

Fjölbreytt úrval barna- og unglingsbókmennta í samráði við kennara.

Kennsluform:

Fyrirlestar, hópavinna, verkefnavinna, samið efni og skipulagt til flutnings á leikskóla.

Námsmat:

Próf í annarlök 50%

Verkefnavinna og flutningur frumsamins efnis á leikskóla 50%.

Hallur Reynisson

Stæ 292

Námsefni: Helmut Hinrichsen: Verslunarreikningur

Efnisyfirferð: Jöfnur, hlutföll og prósentur

Vextir og vaxtavextir

Lán og gjaldeyrisviðskipti

Auk þess voru fyllt út ýmiskonar eyðublöð.

Námsmat: Hlutapróf 1 25%

Hlutapróf 2 25%

Hlutapróf 3 25%

Verkefni 15%

Ástundun og vinnubrögð 10%

Nemandi verður að ná að minnsta kosti fjórum í öllum námsþáttum

Stæ 122

Námsefni: Jón Þorvarðarson: Stæ103

Efnisyfirferð: Sannanir og frumsendur.

Þríhyrningar og horn við hringi

Flatarmál

Rúmmál

Hornaföll

Námsmat: Hlutapróf 40%

Lokapróf 50%

Ástundun og vinnubrögð 10%

Nemandi verður að ná að minnsta kosti fjórum í öllum námsþáttum

Stæ 463

Námsefni: Guðmundur Jónsson: Stærðfræði 463

Efnisyfirferð: Samsett föll og andhverfur.

Lograr

Heildi

Runur og raðir

Námsmat: Hlutapróf 40%

Lokapróf 50%

Ástundun og vinnubrögð 10%

Nemandi verður að ná að minnsta kosti fjórum í öllum námsþáttum

Stæ 202

Námsefni: Jón, Niels og Stefán: Stæ202

Efnisyfirferð: Þáttun og jöfnur

Margliður

Hnitarúmfraeði

Veldi og lograr

Námsmat: Hlutapróf 40%

Lokapróf 50%

Ástundun og vinnubrögð 10%

Nemandi verður að ná að minnsta kosti fjórum í öllum námsþáttum.

Stæ 313

Námsefni: Jón Þorvarðarson: Tölfræði

Efnisyfirferð: Tíðnidreifing og myndræn framsetning

Miðsækni

Mæling á dreifingu

Líkindareikningur

Normaldreifing

Námsmat: Hlutapróf 25%

Tölvuverkefni 25%

Lokapróf 40%

Ástundun og vinnubrögð 10%

Nemandi verður að ná að minnsta kosti fjórum í öllum námsþáttum

Sverrir Haraldsson

Dan202

Kenndar voru bækurnar; Dansk der dur (lesbók og vinnubók) eftir Auði Hauksdóttur og Elísabet Valtýsdóttur. Lesnar fimm smásögur úr bókinni Flyskræk. Málfræðiefni frá kennara í formi glósa og æfinga. Samtalsæfingar héðan og þaðan og tilbúnar á staðnum. Drengene fra Sankt Petri (FILM)
Námsmat byggist á lokaprófi 60%, miðannarprófi 10% og alls konar æfingum á önninni 30%.

Sag 103

Aðalkennslubók var Heimsbyggðin I. Einnig var efni frá kennara í formi glósa og fyrirlestra. Þá skal geta vídeómynda um Grikkland hið forna, Rómaveldi, lénskerfið, miðaldakirkjuna, fyrstu aldir Íslandssögunnar, nýlendustefnu (Afríka) endurreisnartímanna og fl. Námsmat; lokapróf 60%, ritgerð, 15%, verkefni og ástundun 15% og skyndipróf 10%.

Sag 202

Aðalkennslubækur voru tvær: Samband við miðaldir og Kóningsins menn eftir Gunnar Karlsson og fleiri. Einnig tímaritsgreinar og ýmsar heimildir sem nemendur kynntu sér. Námsmat: Tvö kaflapróf (15% og 5%), lokapróf 60% og ritgerð 20%

Sag 362

Nemendur lásu tvær bækur: Átakasvæði í heiminum og Sameinuðu þjóðirnar, en báðar þessar bækur eru eftir Jón Orm Halldórsson. Þetta er þemaáfangi og efnið snerist að þessu sinni um átök í heinum og hugsanlegar lausnir á þeim deilumálum sem uppi eru. Námsmat byggðist á fyrirlestri nemenda 20%, útdrætti (leiðarabók) 30% og ritgerð 50%.

Fél 313

Nemendur gerðu eina stóra ritgerð um sjálfvalið efni. Í sambandi við þá ritsmíð lásu nemendur fjöldann allan af heimildum, auk efnis varðandi gerð heimildarritgerðar. Einnig var gerð könnun innan skólans og unnið úr henni. Nemendur fengu glósur frá kennara um félagsfræðikenningar og undirbúning könnunarinnar og úrvinnslu úr henni. Námsmat; ritgerð 80%, verkefni og vinna 20% (könnun)

Stn 192

Áfanginn er fyrst og fremst verklegur. Undirbúningur fór þó fram í kennslustofu þar sem stuðst var við glósur, farið yfir gerð dagbóka og hvernig menn taka viðtöl, hvernig á að koma fram á vinnustað og til hvers er ætlast af nemendum. Nemendur kynntu sér og unnu á a.m.k. einum vinnustað. Haldin var dagbók og tekið viðtal við forráðamenn viðkomandi vinnustaða. Námsmat byggðist á frammistöðu nemenda á vinnustað, mætingum og úrvinnslu efnis í kennslustund og dagbók.

Lkn 111

Verkefni áfangans var að gefa nemendum færi á að fjalla um samspil einstaklings, samfélags og menningar. Sérstök áhersla var lögð á að þeir fengju þjálfun í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum á opinberum vettvangi og í vinnahóp. Í þeim tilgangi var farið í grunnatriði raddbeitingar, framsagnar og ræðumennsku. Auk þess voru nemendur þjálfaðir í að taka þátt í hópumræðum, sýna þar frumkvæði og rökfestu en sýna öðrum jafnframt tillitssemi og skilning.

Námsmat var í formi símats sem byggðist á verkefnavinnu, virkni, sjálfstæði og frumkvæði í umræðum. Fjórtán nemendur sóttu áfangann og stóðust allir.

Ísl 202

Í áfanganum var lögð megin áhersla á að skoða ólíka texta út frá bókmenntalegu og þjóðfélagslegu sjónarmiði. Nemendur voru þjálfaðir í eigin textagerð bæði í bundnu og óbundnu máli. Lesin var sagan Híbyli vindanna eftir Böðvar Guðmundsson og hún greind út frá bókmenntalegu og þjóðfélagslegu sjónarmiði. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur þjálfuðu hæfni sýna í að njóta og skilja bókmenntatexta. Kjörbókarritgerð var unnin auk þess sem nemendur skiluðu fjölmörgum verkefnum.

Ritgerðin gildi 15% af námsmati verkefnavinna 25% og lokapróf 60%

Sextán nemendur þreyttu próf og stóðust allir nema einn.

Ísl 192

Megináhersla var lögð á stafsetningu og í að þjálfarar nemendur í að tjá sig í rituðu máli. Auk þess var farið í helstu málfræðiatríði og orðflokkgreiningu. Námsefni var tilfundið og unnið af kennara. Nemendur skrifuðu kjörbókarritgerð og unnu mörg og margvísleg verkefni. Kjörbókarritgerð gildi 15% af námsmati, eigin textasamíð 5%, stafsetning 20%, önnur verkefni 20% og lokapróf í málfræði og málnotkun 60%

Nemendur voru ellefu og stóðust allir.

Fél 103

Sami áfangi og á haustönn og sömu aðferðum beitt að mestu. Þó var kennsla einstaklingsmiðaðri og endurgjöf tíðari. Þetta var tilraun í að láta almennu brautina fást við áfanga af félagsfræðibrautinni og má segja að hún hafi gefið góðan árangur. Níu nemendur sóttu áfangann og stóðust allir.

Fél 223

Hér var stjórn málafræðin kynnt sem fræðigrein. Farið var í helstu hugmyndafræðistrauma stjórn mála og lært um einkenni og forsendur lýðræðis. Hvað greinir lýðræði frá einræðis- og alræðisstjórnarfari. Rakin var þróun íslenskra stjórn mála frá þjóðveldisöld til nútímans. Bókin Stjórn málafræði eftir Svein Helgason, Þorvarð Hjaltason og Örlyg Karlsson var höfð til hliðsjónar og nemendur sóttu sér mikið efni og heimildir á netið. Nemendur fylgdust með pólitískum netmiðlum tveir og tveir saman eina viku í senn og gerðu síðan hópnum grein fyrir því sem þeim hafði þótt athyglisverðast. Nemendum var skipt í hópa sem kynntu sér stefnuskrár íslensku stjórn málaflokkanna og áróður þeirra á netinu og unnu verkefni úr þessu efni sem þeir gerðu síðan hópnum grein fyrir í fyrirlesturum.

Stjórn málavaktin gildi 5% til einkunnar, stefnuskrárverkefni 25%, önnur verkefni 20%, og lokapróf 50%.

Fimmtán nemendur sóttu áfangann og stóðust allir.

Lgr 103

Stiklað var á stóru í gegnum listasöguna, með sérstaka áherslu á leiklistar- og tónlistarsögu. Farið var í helstu straua og stefnur í þessum listgreinum og nemendur þjálfarar í að greina þessa þætti og þekkja helstu einkenni. Þetta var gert með hlustun og áhorfi og þeim gerð grein fyrir því að nútíma listir sækja margt til fyrri tíma listamanna. Kvikmyndalistin var skoðuð sérstaklega og farið í gegnum helstu stefnur hennar. Farið var í leikhús og listasafn á Akureyri og með því reynt að gera nemendur meðvitaða um að það að njóta listar gerir þá ríkari. Árangur í áfanganum var metin og lögð til grundvallar ástundun, virkni og skilningur.

Fjórtán nemendur sóttu áfangan og stóðust allir mat.

Framkvæmdir

Skrifað 14 maí 2011

Framkvæmdir 2000-2001

Ýmsar lagfæringar hafa verið gerðar á skólahúsnæðinu í vetur.

Ný hurð var sett í aðalinngang í matsal skólans.

Á meðan á verkfalli stóð, var þvottahús og þurrkherbergi skólans málað og sett á nýtt gólfefni, skolvaskur var settur upp í þvottahúsinu og skipulagi vinnuaðstöðunnar breytt, svo nú er hún öll betri. Í vor var kennaraíbúð í Álfasteini öll máluð og parket sett á gólf tveggja herbergja þar. Í Gamla skóla var lokið við að setja eldvarnarkerfi í allt húsið, skipt um gler og nýir póstar settir í glugga í matsal skólans, auk þess voru settar dyr í eitt gluggastæðið, sem opnast út á veröndina og skapast þannig rýmingarleið í tvær áttir úr matsalnum.

Matsalur, andyri og gangar á 1. hæð, allt málað, kjallara þar undir skipt í þrjú eldhólf, með hurðarveggjum, það málað og sett á nýtt gólfefni.

Lokið var við að setja upp eldvarnarkerfi í Þróttó - samkomuhúsi skólans.

Lokið var við að setja upp eldvarnarkerfi í íþróttahúsi skólans.

Þvottahús í kjallara í Fjalli var málað og gólf lagfært.

Almenn braut

Skrifað 14 maí 2011

Almenn námsbraut við

Framhaldsskólann á Laugum.

Efnisyfirlit

Útdráttur úr skýrslunni..... 2

Inngangur..... 4

Markmið verkefnisins.....	4
Lýsing á verkefninu, skipulagi þess og framkvæmd.....	5
Niðurstöður verkefnisins.....	11
Yfirlit yfir það sem kom fram við framkvæmd verkefnisins.....	11
Náðust markmiðin?.....	12
Verkefnið heldur áfram.....	12
Kynning verkefnisins.....	18
Mat á verkefninu.....	19
Viðhorf kennara, nemenda.....	19
Gagnsemi fyrir aðra skóla.....	19
Stóðst framkvæmda- og kostnaðaráætlun?.....	20
Áhrif verkefnis á skólastarfið í heild.....	20
Umsagnir þátttakenda.....	21

Framhaldsskólinn á Laugum

Almenn námsbraut

Umsjón: Valgerður Gunnarsdóttir, skólameistari,

Arnór Benónýsson, framhaldsskólakennari.

Veffang: www.laugar.is

Markmið

Markmið almennrar námsbrautar skv. aðalnámskráframhaldsskóla er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinunum, sem og að gefa nemendum kostna á að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list og verknámi.

Auk þess hefur FL sett sér eftirtalin markmið með almennri námsbraut:

Að undirbúa nemendur, sem ekki hafa við innritun í framhaldsskóla undirstöðu eða þroska til að hefja nám á bóknámsbraut framhaldsskóla.

Að undirbúa nemendur undir annað nám.

Að undirbúa nemendur undir líf og störf í nútíma samfélagi.

Að fjölga nemendum við FL.

Lýsing

Almenn námsbraut er ein af fjórum námsbrautum við Framhaldsskólann á Laugum. Hún er hugsuð sem valkostur fyrir þá nemendur sem koma með slakan árangur úr grunnskóla og þurfa frekari undirbúning í kjarnagreinunum til að geta hafið nám á öðrum brautum framhaldsskóla. Jafnframt er nemendum hennar kynnt starfsnám, listnám og unnið með að bæta sjálfsmynd þeirra, efla námsgetu og jákvæðara viðhorf til náms. Gert er ráð fyrir að það geti tekið einstakan nemanda allt frá einni önn til fjögurra anna að ljúka námi sínu á almennri námsbraut við Framhaldsskólann á Laugum, allt eftir þroska, námsgetu og stöðu nemanda í námi við upphaf náms.

Skipaður var sérlegur umsjónarmaður með verkefninu. Hans hlutverk var að halda saman upplýsingum um nemendur, hafa fyrir þá fasta viðtalstíma í hverri viku, aðstoða þá við ýmis persónuleg úrlausnarefni og sinna foreldrasamstarfi. Námsráðgjafi var nemendum til aðstoðar við námsval og námsvanda með það að markmiði að bæta vinnubrögð í námi, auk þess að vera ráðgefandi við úrlausn á ýmsum persónulegum vanda sem upp kom. Auk þess komu að starfi á brautinni skólameistari, áfangasjóri og kennarar skólans og gátu nemendur einnig leitað til þeirra,

þegar þörf var á. Kennarar Framhaldsskólans á Laugum unnu alla undirbúningsvinnu og skipulögðu nám brautarinnar frá grunni, auk þess að semja stóran hluta námsefnis.

Almenn námsbraut hefur nú verið starfrækt einn vetur við FL, veturinn 2000-2001 og mun þeirri starfsemi haldið áfram. Hinn fyrsta vetur var námið skipulagt sem 27 eininga nám, en veturinn 2001-2002 mun námið verða 33 einingar.

Nemendur almennrar námsbrautar útkrifast formlega frá FL og fá brottfararskírteini af brautinni.

Niðurstaða

Allir sem að verkinu komu lögðu í það mikla vinnu og alúð sem skilaði góðum árangri. Nemendur tóku miklum framförum, námslega og félagslega. Af níu nemendum sem hófu nám á haustönn útskrifuðust 4 að vori, þrjú vantaði eina einingu til að ljúka og tvo vantaði aðeins meira. Um um þann árangur sem náðist segja best orð tveggja nemenda: "Þetta er í fyrsta sinn sem ég læri heima." "Þetta er í fyrsta skipti sem ég er í skóla og hata ekki að minnsta kosti einn kennara."

Skýrsla liggur fyrir um verkefnið.

Inngangur

Aðdragandi verkefnis.

Hinn 31. mars 1999 kom út ný aðalnámskrá framhaldsskóla. Gert var ráð fyrir að hún kæmi til framkvæmda á skólaárinu 1999-2000. Þó var heimilt að fengnu leyfi frá menntamálaráðuneyti að hún kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 2000-2001. Töluverðar breytingar áttu sér stað með hinni nýju aðalnámskrá og sú sem verkefnið fjallar um, fólst í því að stofnuð yrði ný námsbraut, almenn námsbraut. Í námskránni kemur fram að brautin sé hugsuð fyrir þá nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla eða nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi, en uppfylla ekki inntökuskilyrði á lengri námsbrautir framhaldsskóla. Almenn námsbraut er ekki skilgreind sérstaklega í aðalnámskrá, heldur er hverjum skóla ætlað að útfæra og skipuleggja almenna námsbraut fyrir sig. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir geti markað sér sérstöðu með sínu námsframboði á almennri námsbraut. Veturinn 1999-2000 var hin nýja braut til umræðu á mörgum fundum skólameistara, formlega og óformlega. Reynt var að leggja einhverjar línur til samræmingar, án þess að skerða möguleika á sérstöðu hvers skóla. Hluti framhaldsskólanna, þar á meðal Framhaldsskólinn á Laugum, ákváðu að farið yrði af stað með almenna námsbraut skólaárið 2000-2001 í þeirra skóla. Veturinn 1999-2000 var unnið að gerð nýrrar skólanámskrár við Framhaldsskólann á Laugum. Í þeirri vinnu fólst meðal annars skipulagning og útfærsla á hinni almennu námsbraut. Við þá vinnu voru höfð í huga fyrimæli hinnar nýju almennu námskrár um að veita skyldi góða undirstöðu í kjarnagreinunum og að jafnframt yrði nemendum gefinn kostur á að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list- og verknámi.

Markmið verkefnisins.

Markmið almennrar námsbrautar skv. aðalnámskrá er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinunum, sem og að gefa nemendum kost á að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list- og verknámi.

Auk þess hefur FL sett sér eftirtalin markmið með almennri námsbraut:

Að undirbúa nemendur, sem ekki hafa við innritun í framhaldsskóla undirstöðu eða þroska til að hefja nám á bóknámsbraut framhaldsskóla.

Að undirbúa nemendur undir annað nám.

Að undirbúa nemendur undir líf og störf í nútíma samfélagi.

Að fjölga nemendum við FL.

Til að vinna að því að markmið næðust, var nám á almennri námsbraut

skipulagt og undirbúið vandlega með þau í huga.

Skipulagðir voru áfangar í öllum kjarnagreinunum fjórum, með það að markmiði að styrkja nemendur í þeim greinum og glæða áhuga þeirra.

Skipulagðir voru áfangar í list- og verknámi. Listáfangarnir voru tveir, tónlistaráfangi og leiklistaráfangi. Verkgreinaráfanginn fékk heitið starfsnám. Hann var útfærður þannig að skólinn fór í samstarf við ýmsa atvinnurekendur í sveitarfélaginu. Nemendur komu til vinnu einn dag í viku, þrjár klukkustundir samtals. Þeir héldu dagbók um sína vinnu og atvinnurekandinn staðfesti það sem þar kom fram og gaf nemandanum umsögn. Þau fyrirtæki sem um var að ræða voru bifreiðaverkstæði, pósthús, sparisjóður, verslun, matsölustaður, leikskóli, grunnskóli, fiskvinnslufyrirtæki, og tvö bóndabýli. Á miðri önn var skipt um vinnustað hjá hverjum nemanda til að auka fjölbreytni starfsreynslu.

Tveir íþróttaáfangar eru á brautinni. Þeir eru frábrugðnir öðru íþróttanámi að því leyti að meira var lagt í að þjálfar samheldni í hópnum með leikjum og útiveru. Sérstakur lestrar- og ritunaráfangi var skipulagður, þar sem lögð var áhersla að að þjálfar þessa þætti markvisst.

Þá fengu nemendur kennslu á að vinna með tölvu í ritvinnsluáfangi og námstækni, samskipti, þjóðfélags- og umhverfisvitund voru megin viðfangsefni áfangi í lífleikni. Í áfangi um vímuvarnir var unnið því að fræða nemendur um skaðsemi hvers kyns vímuefna. Lögð var áhersla á uppbyggjandi, fordómalaus fræðslu og umræður.

Lýsing á verkefninu, skipulagi þess og framkvæmd

Almenn námsbraut er ein af fjórum námsbrautum við Framhaldsskólann á Laugum. Inn á almenna námsbraut innritast nemendur sem þurfa eða vilja fá betri undirbúning áður en þeir hefja nám á öðrum brautum framhaldsskóla. Almenn námsbraut hefur nú verið starfrækt einn vetur við FL, veturinn 2000-2001 og mun þeirri starfsemi haldið áfram. Hinn fyrsta vetur var námið skipulagt sem 27 eininga nám, en veturinn 2001-2002 mun námið verða 33 einingar.

Almenn námsbraut er hugsuð sem valkostur fyrir þá nemendur sem koma með slakan árangur úr grunnskóla og þurfa frekari undirbúning í kjarnagreinunum til að geta hafið nám á öðrum brautum framhaldsskóla. Jafnframt er nemendum hennar kynnt starfsnám, listnám og unnið með að bæta sjálfsmynd þeirra, efla námsgetu og jákvæðara viðhorf til náms. Gert er ráð fyrir að það geti tekið einstakan nemanda allt frá einni önn til fjögurra anna að ljúka námi sínu á almennri námsbraut við

Framhaldskólann á Laugum, allt eftir þroska, námsgetu og stöðu nemanda í námi við upphaf náms á almennri námsbraut.

Nemendur almennrar námsbrautar útkrifast formlega frá FL og fá brottfararskírteini af brautinni.

Umsjón með almennri námsbraut

Umsjón almennrar námsbrautar var í höndum sérlegs umsjónarmanns almennrar námsbrautar, námsráðgjafa og áfangastjóra. Haldnir voru reglulegir fundir með skólameistara og öðrum kennurum brautarinnar, þar sem farið var yfir stöðu einstakra nemenda og námsframvindu. Öll vandamál sem upp komu voru rædd og fundnar leiðir til úrlausnar. Því sem vel tókst til var jafnframt haldið til haga.

Sérlegur umsjónarmaður heldur saman upplýsingum um nemendur almennrar námsbrautar, hefur fyrir þá fasta viðtalstíma í hverri viku, aðstoðar þá við ýmis persónuleg úrlausnarefni og sinnir foreldrasamstarfi. Auk þess skipuleggur hann fundi með öðrum starfsmönnum brautarinnar.

Námsráðgjafi aðstoðar nemendur við námsval, aðstoðar nemendur sem eiga í námsvanda og veitir þeim ráðgjöf með það að markmiði að bæta vinnubrögð í námi, auk þess sem hann er ráðgefandi og aðstoðar við úrlausn á ýmsum persónulegum vanda sem upp kemur.

Áfangastjóri skipuleggur nám almennrar námsbrautar. Hann heldur utan um fjarvistarskráningu nemenda og sendir aðvaranir til nemenda ef þurfa þykir.

Foreldrasamstarf.

Á liðnum vetri var samstarf við foreldra nemendur almennrar námsbrautar mest gegnum síma, þar sem FL er heimavistarskóli út í sveit og nemendur alls staðar að af landinu. Skólameistari, sérlegur umsjónarmaður brautarinnar og námsráðgjafi sáu um þann þátt að mestu, og fór oft drjúgur tími í slík viðtöl, sem ekki voru öll á því sem kallast hefðbundinn vinnutími. Auk þess bauðst foreldrum að ræða við áfangastjóra og einstaka kennara ef þurfa þótti. Á komandi vetri mun verða lögð áhersla á áframhaldandi gott samstarf við foreldra.

Þá mun verða gerður námssamningur milli nemanda, forráðamanns og skólans um ástundun nemandans í námi og skilyrði til áframhaldandi náms við skólann.

Stuðningstímar

Veturinn 2000-2001 var nemendum brautarinnar veitt aðstoð við heimanám, einn tíma á dag, alls fimm tíma á viku. Skyldumæting var í þessa tíma. Mæltust þessir tímar yfirleitt vel fyrir af nemendum og mjög vel af foreldrum. Sumir nemenda greindu frá því að þetta væri í fyrsta skipti sem þeir stunduðu heimanám og töldu þessa aðstoð hafa breytt vinnubrögðum sínum til bóta. Veturinn 2001-2002 verða stuðningstímar 8 á haustönn og 4 á vorönn. Áfram verður skyldumæting.

Reglur um mætingar og viðbrögð við slælegum mætingum

Sömu reglur gilda um mætingar nemenda á almennri námsbraut og hjá nemendum á öðrum brautum skólans. Gert er ráð fyrir að nemendi mæti, eins og honum ber, stundvíslega í allar kennslustundir. Fari heildarmæting niður fyrir 90%, telst nemandi hafa sagt sig úr skóla. Fari mæting í einstökum áfanga niður fyrir 80% telst hann hafa sagt sig úr áfanganum. Umsjónarkennarar senda nemanda 1. viðvörðun og leita skýringa, áfangastjóri sendir aðra viðvörðun og skólameistari kallar nemendur til viðtals eftir lokaviðvörðun.

Innihald og skipulag náms á almennri námsbraut

Kennarar Framhaldsskólans á Laugum unnu vorið 2000 undirbúningsvinnu að almennri námsbraut, undir stjórn skólameistara. Kennarar einstakra greina sáu um að vinna áfangalýsingu fyrir námsáfanga og skipulögðu námið frá grunni. Jafnframt sömdu þeir námsefni við hæfi eða söfnuðu saman námsgögnum þar sem því var við komið. Mikil alúð var lögð í allan undirbúning og útfærslu brautarinnar, enda metnaðarmál að sem bestur árangur næðist með hvern einstakan nemanda.

Almenn námsbraut - brautarlýsing 2000-2001

Danska

DAN 192

.....

.....

Enska

ENS 192

.....

.....

Íslenska

LES 102

ÍSL 192

.....

.....

Íþróttir

ÍþR 192

ÍþR 292

.....

.....

Leiklist

LEK 192

.....

.....

Lífsleikni

LKN 192

.....

.....

Ritvinnsla

RIT 102

.....

.....

Starfsnám

STN 192

.....

.....

Stærðfræði

STÆ 192

STÆ 292

.....

.....

Tónlist

TÓN 101

.....

.....

Vímuefnavarnir

VÍM 191

.....

.....

Félagsfræði

Fél 103

Áfangalýsingar fyrir almenna námsbraut 2000-2001

DAN 192

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Meginmarkmið áfangans er að nemendur nái sömu færni í tungumálinu og krafist er til grunnskólaprófs. Nemendur lesa hæfilega þunga texta og gera stuttar skriflegar æfingar í tengslum við viðfangsefnið og æfa undirstöðuatriði danskrar málfræði. Nemendur eru þjálfaðir í að skilja danskt talmál með fjölbreyttum hlustunaræfingum.

ENS 192

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Áfangi fyrir nemendur sem ekki hafa hlotið framhaldseinkunn í ensku á grunnskólaprófi. Undirstöðuatriði eru rifjuð rækilega upp. Leitast er við að virkja nemendur í hagnýtu tungumálanámi. Áhersla er lögð á talmál, hlustun og að nemendur læri mál sem þeir geta notað bæði á Íslandi og erlendis, en einnig á lestur ýmiss konar efnis, notkun orðabóka og ritun.

ÍSL 192

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður lögð áhersla á að glæða áhuga nemenda á móðurmálinu sem tjáningarmiðli og sköpunarafli. Lesnir verða ýmsir bókmenntatextar, fanga aflað í málsháttum og orðtökum, merkingarfræði og stílfræði. Rifjuð upp málfræði og setningarfræði og sett í samhengi við lesna texta og ritun nemenda.

LES 102 Lestur bókmennta

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur fái aukna þjálfun í lestri bókmennta, upplestri og ritun af ýmsu tagi. Læri að nota bókasöfn sér til ánægju og fróðleiks. Kynnist mun á skáldverkum í mismunandi birtingarformi myndar og bókar. Nemendur geti greint verkin og tjáð skoðanir sínar í mæltu og rituðu máli og eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

TÓN 101 Tónlist

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur að greina helstu stíltegundir klassískrar tónlistar, djass og heimstónlistar. Þeir gera sjálfir könnun á einkennum stíls innan rokktónlistar og kynna niðurstöður sínar fyrir öðrum nemendum. Áhersla er lögð á greinandi hlustun og að nemendur fái staðgóða yfirsýn yfir þróun og sögu klassískrar tónlistar, djass- og rokktónlistar. Nemendur eru hvattir til að sækja tónleika með fjölbreyttri tónlist og fjalla um þá á gagnrýnin hátt.

Efnisatriði: Endurreisnartónlist, barokkstíll, klassískur stíll, rómantískur stíll, tuttugustu aldar framúr stefna, blús, ragtime, dixieland, swing, alternatív og tölvupopp.

Námsmat: Símat sem byggist á verkefnavinnu nemenda, frumkvæði þeirra og virkni.

VÍM 191 Vímuvarnir

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Fjallað verður um skaðsemi eiturlyfja og fíkniefna jafnt löglegra sem ólöglegra. Reynt verður að bregða ljósi á þær hættur sem leynast á bak við dyr neyslunnar og hvað hlýst af henni. Einnig verður fjallað um hvernig hægt er að hefta útbreiðslu fíkniefna og hvernig er hægt að koma í veg fyrir að fólk ánetjist þeim. Fjallað verður sérstaklega um hvernig er hægt að ná til ungs fólks í þessu sambandi. Áfanginn byggist upp á fyrirlestrum og verkefnavinnu að mestu leyti.

Námsmat: Skrifleg próf, verkefni, frumkvæði, hugmyndaauðgi og útfærsla á hugmyndum sem kvikna.

FÉL 103 Almenn félagsfræði

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Fjallað er um grunneiningar samfélagsins. Áhersla er lögð á það að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu og verði færir um að taka þátt í samfélagslegum umræðum. Keppt er að því að nemendur öðlist skilning á uppbyggingu og skipulagi eigin samfélags og annarra. Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á grunnþáttum íslenska samfélagsins og geti borið það saman við önnur. Ætlast er til að nemandinn átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á hann og hvernig hann getur haft áhrif á samfélagið.

ÍPR 192 Útivist og leikir

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Þessi áfangi miðar að því að veita nemendum innsýn í þann draumaheim sem útivist í falletgri náttúru er og vekja áhuga þeirra á því að nýta sér náttúruna til að efla líkamann. Einnig verður landið nýtt, eftir því sem veðráttu og aðrar aðstæður gefa tilefni til, til leikja og þannig reynt á líkamann að hann eflist. Eingöngu er um verklega kennslu að ræða og þá nær eingöngu utandyra.

Námsmat: Mæting, virkni, áhugi og frumkvæði

ÍPR 292 Útivist og leikir

Undanfari: ÍPR 192

Áfangalýsing:

Áfram er haldið með útiveru og hvernig við getum nýtt okkur náttúruna til að efla líkamann. Nemendur fara nú einnig að setja upp leiki fyrir aðra nemendur skólans og jafnvel að sjá um útivistardaga. Stefnt er að því að fara nú í lengri ferðir og þá í samstarfi við Hjálparsveit skáta í Reykjadal. Eingöngu er um verklega kennslu að ræða og þá nær eingöngu utandyra.

Námsmat: Mæting, virkni, áhugi og frumkvæði.

STÆ 192 Talnameðferð

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna.

Efnisatriði: talnakerfi, talnameðferð, almenn brot, forgangsröð aðgerða, lausnir jafna af fyrsta stigi og formúlur.

STÆ 292 Hlutföll og prósentur

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna. Áfanginn gefur nemanda rétt til að hefja nám í stærðfræði til stúdentsprófs.

Efnisatriði: Hlutföll, prósentur, vextir, vaxtavextir, talnalína, réttthyrnt hnitakerfi, launakerfi, skattakerfi og útfyllingar eyðublaða.

LEK 192 Leiklist

Áfangalýsing:

Í áfanganum þjálfast nemendur í undirstöðuatriðum leiklistar svo sem persónusköpun, spuna, látbragðsleik, og raddbeitingu. Nemendur lesa ljóð, fara með ræður, lesa leikrit eða hluta úr leikritum og þjálfast í að sviðsetja þau. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hinu fjölþætta eðli leiklistarinnar og hvernig hún á órjúfanlegan hátt tengist öðrum listgreinum. Nemendur eru stöðugt þjálfaðir í að gagnrýna eigin frammistöðu og annarra. Einnig eru nemendur hvattir til að fylgjast með umfjöllun um leiksýningar í fjölmiðlum og sækja leiksýningar og fjalla um þær á gagnrýninn hátt. Vettvangsheimsóknir í leikhús eru hluti af áfanganum eftir því sem aðstæður leyfa.

Efnisatriði: Upphitunaræfingar, traustsæfingar, slökun, raddbeiting, persónusköpun, spuni, leikritalestur, uppsetning leikrita, látbragðsleikur.

Námsmat: Sköpun, túlkun og tjáning vega um 2/3 af lokamati en skynjun, greining og mat 1/3.

RIT 102 Ritun

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Hluti kennslunnar byggist á þjálfunarforriti í vélritun, þar sem áhersla er lögð á að nemendur nái tökum á blindskrift. Kynnt verður uppbygging stýrikerfisins og kennt skipulag og meðhöndlun gagna. Nokkur notendaforrit verða skoðuð og kennd undirstöðuatriði í notkun ritvinnslu. Kynntir verða möguleikar í upplýsinga- og gagnaöflun með tölvusamskiptum og Interneti. Námið byggist að mestu á verklegri þjálfun og verkefnagerð.

LKN 192 Lífsleikni

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Markmið áfangans eru tvíþætt: annars vegar að aðstoða nemendann í að glöggva sig betur á námsleiðum skólans, hann átti sig á til hvers þær leiða og geri sér betur grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til hans varðandi áframhaldandi nám við skólann, hugsanlegan viðtökuskóla eða atvinnulífinu. Í áfanganum mun nemandinn einnig fá kynningu á skólastarfinu og félagslífi nemenda. Hins vegar verður mikil áhersla lögð á námstækni og vinnubrögð og árangursríkar aðferðir við nám í framhaldsskóla. Nemandinn velti fyrir sér stöðu sinni innan þess samfélags sem hann lifir í, læri að taka ábyrgð á eigin lífi og verði ábyrgur neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi. Námsmat byggist á verkefnavinnu nemandans og virkni hans í hópstarfi. Að áfanganum geta komið ýmsir aðilar s.s. umsjónarkennari, námsráðgjafi, bókasafnsfræðingur, aðrir nemendur o.s. frv.

STN 192 Starfsnám

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Markmið áfangans er að nemendur kynni sér a.m.k. einn vinnustað í næsta nágrenni Framhaldsskólans á laugum og taki þátt í þeim störfum sem þar eru innt af hendi í samvinnu við forráðamann/menn viðtökustaðar. Nemendur kynni sér daglegan rekstur og átti sig á hlutverki vinnustaðarins í samfélagslegu umhverfi sveitar og ríkis. Nemendur halda dagbók og gefa umsjónarmanni áfangans vikulega skýrslu um störf sín í þar til ætlaðri kennslustund. Námsmat er byggt á dagbók, upplýsingagjöf nemandans til umsjónarmanns

áfangans í kennslustund og umsögn eins ábyrgs aðila á vinnustað.

Niðurstöður verkefnisins

Yfirlit yfir það sem kom fram við framkvæmd verkefnisins.

Þó ljóst væri að nemendur á þessari braut kölluðu á meiri vinnu en aðrir nemendur annarra brauta, vegna misjafns undirbúnings og stöðu, má segja að við höfum ekki gert ráð fyrir eins mikilli yfirlegu og raun varð á.

Fyrst ber að telja að þó svo að nemendur væru að hefja nám á nýju skólastigi, þá tóku þeir með sér reynslu af skólastarfi sem því miður var í flestum tilfellum neikvæð. Þetta kallaði á mikla vinnu með þeim í upphafi haustannar, vinnu sem varð að vera mjög einstaklingsbundin og því tímafrek. Í framhaldinu

varð síðan fljótt ljóst að þessir nemendur tóku mjög misjafnlega vel við sér og framfarir þeirra voru ekki endilega í takti við stöðu í upphafi náms. Þetta leiddi til þess að kennslan varð einstaklingsmiðaðri og kallaði á mikið eftirlit og samvinnu kennara. Álag á námsráðgjafa varð einnig mjög mikið vegna alls þessa og mikilvægt er að hann hafi svigrúm til að sinna þessum nemendum meira en öðrum.

Þrátt fyrir að verkfall hefði auðvitað sín áhrif á haustönnina, var orðið ljóst að geta hafði aukist og framfarir nemendanna voru það góðar að það hefði mátt leggja meira fyrir þau. Jafnframt fundum við að þau þörfuðust tíðari endurgjafar en lagt hafði verið upp með. Þá var dreginn sá lærdómur af haustönninni að mestu máli skipti að nemendur skynjuðu getu sína í að glíma við hefðbundnar námsgreinar og næðu að sigrast á vanmetakennd sinni gagnvart þeim. Í ljós kom einning að áætlaðir hefðu verið of margir tímar í lífsleikni og listgreinum og rétt væri að leggja meiri áherslu á kjarnagreinar. Hins vegar kom fljótt í ljós að stuðningstímarnir voru afar mikilvægir. Bæði til þess að nemendur kæmust yfir námsefnið en þó ekki síður sem kennsla í því að skipuleggja nám sitt og tíma.

Að fenginni þessari reynslu var lagt upp í vorönnina með það sameiginlega markmið að reyna meira á nemendum, láta þá glíma við erfiðari viðfangsefni, veita þeim tíðari endurgjöf í öllum greinum og reyna þannig að styrkja sjálfsmynd þeirra og auka þeim sjálfstraust gagnvart námi. Tíðari varð endurgjöfin með hlutaprófum sem voru í flestum greinum á 3-4 vikna fresti. Í raun var um símat að ræða sem reyndist bæði kennurum og nemendum vel við að átta sig á stöðunni á hverjum tíma. Þessi aðferð hleypti nemendum kapp í kinn og færði markmið þeirra sjálfra nær þeim í tíma sem vissulega hæfði námsþoli þeirra betur en lengri áfangar.

Á vorönninni var haldið áfram með stuðningstíma og verður mikilvægi þeirra seint ofmetið.

Náðust markmiðin?

Á almennri braut voru á haustönn 2000 níu nemendur, þar af tveir sem höfðu verið á 1. ári veturinn áður. Á vorönn bættust tveir við þannig að 11 nemendur stunduðu nám á brautinni. Af þessum 11 manna hópi útskrifuðust 4 nemendur á vorönn og þrjá vantaði eina einingu til að ljúka, tvo vantaði 5 einingar og tveir hófu nám um áramót og vantar því meira upp á. Sumir þessara nemenda voru afar illa stæðir námslega og félagslega þegar þeir komu til skólans. Óhætt er að segja að miklar framfarir urðu hjá öllum nemendum. Það er okkar mat að markmiðunum hafi verið náð og þær kennsluáferðir sem beitt var á vorönninni hafi verið til góðs. Nú á vordögum er ljóst að mikill áhugi er á þessari braut og umsóknir fleiri en hægt er að verða við. Það metum við svo að hún hafi spurst vel út.

Verkefnið heldur áfram

Almenn námsbraut 2001-2002

Nú blasir við að almenna brautin er orðin fullskipuð næstu önn þannig að verkefnið heldur áfram. Sú reynsla sem af verkefninu fékkst verður nýtt við skipulagningu á brautinni næsta vetur. Námið verður einstaklingsmiðaðra, endurgjöf tíðari, hverjum nemenda sett skýrari markmið og þess gætt að þau séu ekki langt utan seilingar. Stuðningstímunum verður haldið áfram, mikilvægi þeirra kom glögg í ljós. Stefnt er að því að taka upp svokallaða vefstudda kennslu, þar sem upplýsingatæknin er notuð til þess að auka færni, skilning og þekkingu nemandans án þess að sú vinna sé alltaf bundin við skólastofuna.

Nemendur sem koma inn á almenna námsbraut hafa svo ólíkan undirbúning að mjög erfitt er að kenna þeim sem heild. Reynslan sýndi einnig, að framfarir þeirra koma á svo mismunandi tímum og með sveiflukennndari hætti en hjá þjálfaðri nemendum. Mikill sveigjanleiki og persónubundin kennsla er því nánast nauðsyn ef viðunandi árangur á að nást. Með þessu ætti námið að verða markvissara og betur lagað að þörfum og getu hvers einstaklings, eins og aðalnámsskráin mælir reyndar fyrir um.

Á vordögum 2001 var skipulag og starf almennrar námsbrautar liðins vetrar skoðað niður í kjölinn, farið vandlega yfir hvað vel hafði gengið og væri unnt að nota áfram og hvað hefði mátt fara betur eða ekki gengið eins og til var ætlast. Farið var í endurskipulagningu á brautinni fyrir næsta vetur.

Ákveðið var að fara þess á leit við menntamálaráðuneyti að það samþykkti ákveðnar breytingar á brautinni, sem fela í sér að nám á almennri námsbraut verður 33 einingar í stað 27, en við endurskoðun kom í ljós að umfang náms í sumum greinum var meira en gert var ráð fyrir og minna í öðrum. Jafnframt var ákveðið að bæta við námið í kjarnagreinunum íslensku og ensku, bæta við einni námsgrein, Nát 191 og fjölga stuðningstímum um 4 á viku á haustönn og fækka um 1 viku á vorönn. Kennurum var falið að skipuleggja viðbótarnám í ensku og íslensku og nýjan áfanga í náttúrufræði. Jafnframt var ákveðið að þeir nemendur sem ná einkunninni 9 eða hærra í stærðfræði, íslensku og ensku 193 í lok haustannar þurfi ekki að sitja 292 áfanga þessara greina og geti innritast í 102 áfanga á vorönn. Eins og síðasta vetur verður lögð áhersla á að fylgjast með og örva námsgengi einstakra nemenda, með það í huga að hver og einn geti hafið nám á öðrum námsbrautum í samræmi við námsþroska sinn. Það hefur í för með sér að einhverjir nemendur munu geta hafið nám að hluta á t.d félagsfræðibraut á vorönn. Aðrir munu þurfa lengri tíma, allt að tvö skólaár. Gerður verður námssamningur við milli nemanda, forráðamanns og skólans um ástundun nemandans í námi og skilyrði til áframhaldandi náms, þar sem fram koma náms- og félagsleg markmið. Undir þennan samning rita nemandi, forsjármenn nemandans og skólameistari. Við þetta vinnst það að nemandanum er ljóst strax í upphafi hvaða væntingar eru gerðar til hans og hvaða kröfur hann getur gert á skólann og ekki síst opnar þetta á samskipti milli heimilis og skóla sem byggja á raunsæi en ekki óskhyggju.

Haldið verður uppteknum hætti með reglulegum fundum þeirra starfsmanna skólans sem koma að almennri námsbraut.

Brautarlýsing almennrar námsbrautar 2001-2002

(Með fyrirvara um samþykki menntamálaráðuneytis)

Haustönn: Vorönn:

ÍSL 193 ÍSL 292

STÆ 193 STÆ 292

ENS 193 ENS 292

LES 101 DAN193

VÍM 101 STN 192

LEK 101 RIT 102

LKN 191 LKN 292

ÍÐR 192 ÍÐR 292

TÓN 101

NÁT 191

SAMTALS 33 EININGAR - 15 á haustönn og 18 á vorönn.

Áfangar merktir hundrað níutíu og ... gefa ekki einningar inn á aðrar brautir, en einingar hundrað og...
yrðu metnar sem valgreinar inn á aðrar brautir.

Áfangalýsingar almennrar námsbrautar 2001-2002

Dan 193

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Meginmarkmið áfangans er að nemendur nái sömu færni í tungumálinu og krafist er til grunnskólaprófs. Nemendur lesa hæfilega þunga texta og gera stuttar skriflegar æfingar í tengslum við viðfangsefnið og æfa undirstöðuatriði danskrar málfræði. Nemendur eru þjálfaðir í að skilja danskt talmál með fjölbreyttum hlustunaræfingum.

Ens 193

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Áfangi fyrir nemendur sem ekki hafa hlotið framhaldseinkunn í ensku á grunnskólaprófi. Undirstöðuatriði eru rifjuð rækilega upp. Leitast er við að virkja nemendur í hagnýtu tungumálanámi. Áhersla er lögð á talmál, hlustun og að nemendur læri mál sem þeir geta notað bæði á Íslandi og erlendis og auki hagnýtan orðaforða til daglegra samskipta. Jafnframt er lögð á lestur ýmiss konar efnis, notkun orðabóka og ritun.

Ens 292

Undanfari: Ens 193

Áfangalýsing:

Lögð verður meiri áhersla á nám í grunnatriðum enskrar málfræði. Fjölbreytni lestexta verður aukin.

Áfram verður þjálfuð notkun orðabóka. Talmál þjálfað með samræðum og upplestri ýmis konar. Ritmál verður þjálfað ítarlegar, ýmist í formi verkefna úr fyrirlögðum texta eða að nemandi semur eigin texta, samkvæmt fyrirmælum kennara, s.s. sendibréf, atvinnuumsóknir eða stutt greinaskrif um tiltekið efni. Áfram verður lögð áhersla á hagnýtt tungumálanám

Ísl 193

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Könnuð verður staða nemenda í lestri, lesskilningi og stafsetningu. Leitað verður sem besta úrræða fyrir þá sem illa eru staddir. Lögð verður áhersla á að nemendur lesi ýmsa texta, svo sem bókmenntatexta, ljóð, þjóðsögur, greinar í dagblöðum og tímritum af ýmsu tagi, texta á vefnum og af myndböndum. Lögð verður áhersla á að nemendur þjálfist betur í stafsetningu og ritun og meðferð málsins, með ýmsum ritunarverkefnum sem tengjast lesnum textum og jafnvel frumsömdum.

Gerðir verða útdrættir og ýmis ritunarverkefni þar sem unnið verður málfræði á óbeinan hátt og leitast við að efla þannig málvitund nemenda og næmni fyrir móðurmálinu. Áhersla verður lögð á virkni hvers einstaks nemenda.

Ísl 292

Undanfari: Ísl 193

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður lögð áhersla á að glæða áhuga nemenda á móðurmálinu sem tjáningarmiðli og sköpunarafli. Lesnir verða ýmsir bókmenntatextar, fanga aflað í málsháttum og orðtökum, merkingarfræði og stílfræði. Rifjuð upp málfræði og setningarfræði og sett í samhengi við lesna texta og ritun nemenda. Áfram verður lögð áhersla á ritun ýmis konar með það að markmiði að efla málvitund nemenda.

Les 101

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur fái aukna þjálfun í lestri bókmennta, upplestri og ritun af ýmsu tagi. Læri að nota bókasöfn sér til ánægju og fróðleiks. Kynnist mun á skáldverkum í mismunandi birtingarformi myndar og bókar. Nemendur geti greint verkin og tjáð skoðanir sínar í mæltu og rituðu máli og eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Tón 101

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur að greina helstu stíltegundir klassískrar tónlistar, djass og heimstónlistar. Þeir gera sjálfir könnun á einkennum stíls innan rokktónlistar og kynna niðurstöður sínar fyrir öðrum nemendum. Áhersla er lögð á greinandi hlustun og að nemendur fái staðgóða yfirsýn yfir þróun og sögu klassískrar tónlistar, djass- og rokktónlistar. Nemendur eru hvattir til að sækja tónleika með fjölbreyttri tónlist og fjalla um þá á gagnrýnin hátt.

Efnisatriði:

Endurreisnartónlist, barokkstíll, klassískur stíll, rómantískur stíll, tuttugustu aldar framúr stefna, blús, ragtime, dixieland, swing, alternatív og tölvupopp.

Námsmat:

Símat sem byggist á verkefnavinnu nemenda, frumkvæði þeirra og virkni.

Stæ 193

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna. Fjallað verður um mismun, sögu og kosti helstu talnakerfa sem notuð

hafa verið.

Efnisatriði: talnakerfi, talnameðferð, almenn brot, forgangsröð aðgerða, lausnir jafna af fyrsta stigi og formúlur.

Stæ 292

Undanfari: Stæ 193

Áfangalýsing:

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna. Áfanginn gefur nemanda rétt til að hefja nám í stærðfræði til stúdentsprófs.

Efnisatriði:

Hlutföll, prósentur, vextir, vaxtavextir, talnalína, réttthyrnt hnitakerfi, launakerfi, skattakerfi og útfyllingar eyðublaða.

Lek 101

Áfangalýsing:

Í áfanganum þjálfast nemendur í undirstöðuatriðum leiklistar svo sem persónusköpun, spuna, látbragðsleik, og raddbeitingu. Nemendur lesa ljóð, fara með ræður, lesa leikrit eða hluta úr leikritum og þjálfast í að sviðsetja þau. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hinu fjölþætta eðli leiklistarinnar og hvernig hún á órjúfanlegan hátt tengist öðrum listgreinum. Nemendur eru stöðugt þjálfaðir í að gagnrýna eigin frammistöðu og annarra. Einnig eru nemendur hvattir til að fylgjast með umfjöllun um leiksýningar í fjölmiðlum og sækja leiksýningar og fjalla um þær á gagnrýninn hátt. Vettvangsheimsóknir í leikhús eru hluti af áfanganum eftir því sem aðstæður leyfa.

Efnisatriði:

Upphitunaræfingar, traustsæfingar, slökun, raddbeiting, persónusköpun, spuni, leikritalestur, uppsetning leikrita, látbragðsleikur.

Námsmat:

Sköpun, túlkun og tjáning vega um 2/3 af lokamati en skynjun, greining og mat 1/3.

Rit 102

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Hluti kennslunnar byggist á þjálfunarforriti í vélritun, þar sem áhersla er lögð á að nemendur nái tökum á blindskrift. Kynnt verður uppbygging stýrikerfisins og kennt skipulag og meðhöndlun gagna. Nokkur notendaforrit verða skoðuð og kennd undirstöðuatriði í notkun ritvinnslu. Kynntir verða möguleikar í upplýsinga- og gagnaöflun með tölvusamskiptum og Interneti. Námið byggist að mestu á verklegri þjálfun og verkefnagerð.

Nát 191

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að glæða áhuga nemenda fyrir náttúrufræði og náttúruskoðun. Áfanginn byggist á athugunum og tilraunum í tilraunastofu og í nágrenni skólans á sviði eðlis-, efna-, líf-, veður- og jarðfræði. Námið byggist að mjög litlu leyti á lestri, heldur á verklegri vinnu og skýrslugerð.

Námsmat byggist á ástundun og framistöðu í einstökum æfingum en ekki á skriflegum prófum.

Efnisatriði:

Efnisatriði eru háð aðstæðum á hverjum tíma og geta breyst frá ári til árs, en um er að ræða einfaldar eðlis-, efna-, og líffræðitilraunir í kennlustofu og vettvangsathuganir og mælingar í náttúrunni. Fylgst verður með vorkomu, fuglum, vatnavöxtum, hitastigi, gróðri o.s.frv.

Vím 101

Undanfari : Enginn

Áfangalýsing : Fjallað er um áhrif ávana- og fíkniefna, jafnt löglegra sem ólöglegra, á líkamann. Reynt er að varpa ljósi á þær hættur sem leynast á bak við dyr neyslunnar og hvað hlýst af henni. Einnig verður fjallað um hvernig hægt er að hefta útbreiðslu fíkniefna og hvernig hægt er að koma í veg fyrir að fólk ánetjist þeim. Fjallað verður sérstaklega hvernig hægt er að ná til ungs fólks í þessu sambandi.

Kennslufyrirkomulag : Fyrirlestrar, verkefnavinna og umræður.

Námsmat : Skrifleg próf, verkefni, þátttaka og frumkvæði.

Íþr 192

Undanfari : Enginn

Áfangalýsing : Fjallað verður um lífsgleði og heilsu, upphitun fyrir líkamlegt erfiði, og þol og hvernig þessir þættir hafa áhrif á daglegt líf okkar. Umfjöllunin verður fléttuð inn í margvíslega og fjölbreytta hreyfingu þar sem markmiðið er að allir fái að njóta sín á sinn hátt.

Kennslufyrirkomulag : Bóklegir tímar með fyrirlestrum og verkefnavinnu og verklegir tímar þar sem reynd og athuguð eru þau atriði sem fjallað er um í bóklegum tímum.

Námsmat : Skrifleg próf, verkefnavinna, virkni, áhugi og frumkvæði.

Íþr 292

Undanfari : Íþróttir 192

Áfangalýsing : Fjallað verður áfram um þol og liðleika og hvernig þessir þættir hafa áhrif á okkar daglega líf í leik og starfi. Einnig kynna nemendur sér íþróttagreinir að eigin vali og koma til með að leggja stund á þær utan skólatíma.

Kennslufyrirkomulag : Bóklegir tímar með fyrirlestrum og verkefnavinnu, verklegir tímar þar sem athuguð eru og reynd ýmis atriði sem fjallað er um í bóklegum tímum og mætingar á æfingar í íþróttagreinum að eigin vali utan skólatíma.

Námsmat : Skrifleg próf, verkefnavinna, mætingar, virkni og áhugi.

Lkn 191

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Markmið áfangans eru tvíþætt; annars vegar að aðstoða nemandann við að glöggva sig betur á námsleiðum skólans, hann átti sig á til hvers þær leiða og geri sér betur grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til hans varðandi áframhaldandi nám við skólann, hugsanlegan viðtökuskóla eða í atvinnulífinu. Hins vegar verður mikil áhersla lögð á námstækni og vinnubrögð og árangursríkar aðferðir við nám í framhaldsskóla. Nemandinn velti fyrir sér stöðu sinni innan þess samfélags sem hann lifir í, læri að taka ábyrgð á eigin lífi og verði ábyrgur neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi.

Námsmat byggist á verkefnavinnu og virkni nemandans.

Lkn 291

Undanfari: Lkn 191

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð sérstök áhersla á tjáningu. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum. Farið er í grunnatriði framsagnar og ræðumennsku. Unnið er í hópum, pörum og með hvern og einn einstakling.

Námsmat: símat sem byggist á verkefnavinnu , virkni, sjálfstæði og frumkvæði nemandans í umræðum.

Stn 192

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Markmið áfangans er að nemendur kynni sér a.m.k. einn vinnustað í næsta nágrenni Framhaldsskólans á laugum og taki þátt í þeim störfum sem þar eru innt af hendi í samvinnu við forráðamann/menn viðtökustaðar. Nemendur kynni sér daglegan rekstur og átti sig á hlutverki vinnustaðarins í samfélagslegu umhverfi sveitar og ríkis. Nemendur halda dagbók og gefa umsjónarmanni áfangans vikulega skýrslu um störf sín í þar til ætlaðri kennslustund.

Námsmat er byggt á dagbók, upplýsingagjöf nemandans til umsjónarmanns áfangans í kennslustund og umsögn eins ábyrgs aðila á vinnustað.

Kynning verkefnisins

Verkefnið er hluti af skólastarfi Framhaldsskólans á Laugum og námsframboði. Á liðnum vetri og á vordögum var ráðist í umfangsmikla kynningu á skólanum. Gerð var auglýsing til sýningar á sjónvarpsstöðvum landsmanna, þar birtust stutt viðtöl við nemendur og þeir sýndir í námi og félagslífi. Gefinn var út kynningarbæklingur um skólann, afar vel heppnaðan. Þar er námsframboð og öll aðstaða skólans kynnt. Bæklingurinn var sendur til forráðamanna rúmlega 3000 nemenda sem voru að ljúka grunnskólanámi í vor. Hann var einnig sendur víða í grunnskóla. Á vefsíðu skólans laugar.is er að finna ítarlegar upplýsingar um skólastarfið. Allt þetta felur í sér kynningu á almennri námsbraut, þó hún sé ekki tekin út sérstaklega. Þá er ótalin sú kynning sem nemendur brautarinnar sjá um með umtali sínu.

Mat á verkefninu

Viðhorf kennara, nemenda

Um viðhorf kennara er það að segja að segja að þó að skoðanir hafi kannski verið blendnar í byrjun gengu allir til verks með svipaðar skoðanir og markmið. Það er að ala nemendur upp til náms og vinna gegn þeim skólaleiða og jafnvel hatrí á öllu sem tengist skóla. Nánar skýrt þýðir þetta að vinna með nemendum í að sjá tilgang með náminu og að byggja sig upp persónulega og félagslega. Að lifa lífinu í samfélagi við aðra og vera þokkalega sáttur við lífið.

Ein meginástæða þess að góður árangur náðist var að samvinna kennara var mikil og eftir því sem á leið urðu viðhorf þeirra hin sömu og allir lögðu sig af alúð í verkið sem kennarar eru samála um að hafi skilað verulegum árangri.

Önnur ástæða fyrir því að verkefnið gekk vel er tvímælalaust að nemendur urðu fljótt virkir og viðhorf þeirra jákvætt. Þau voru meðvituð um að þeim hafði fatast gangan á skólaveginum, tóku vel leiðbeiningum kennara og urðu fljótt kappsfull um að rétta stefnuna. Sérstaklega var þetta viðhorf þeirra áberandi á vorönninni þegar meira var fyrir þau lagt.

Gagnsemi fyrir aðra skóla

Það er mat okkar að hér hafi verið unnið gott starf á almennri námsbraut.

Undirbúningur, skipulag, sífelld endurskoðun, ásamt endurskipulagninu

á vordögum var afar vel unnið. Endurgjöf frá nemendum og foreldrum þeirra rökstyður það. Sé áhugi til staðar hjá öðrum skólum til að kynna sér og nýta okkar vinnu til hugmyndagjafar að einhverjum hluta er það velkomið. Sú vinna gæti sparað einhverjum tíma og auðveldað undirbúning og skipulagningu.

Stóðst framkvæmda- og kostnaðaráætlun?

Framkvæmdaáætlun stóðst til fulls, verkefnið var unnið skólaárið 2000-2001. Fundir kennara um verkefnið voru haldnir reglulega og farið yfir verkið eins og það stóð hverju sinni og hvað mætti betur fara, eins og rakið hefur verið hér að framan. Hlé varð á verkefninu um tveggja mánaða skeið vegna verkfalls kennara og við því ekkert hægt að segja. En þegar því lauk var farið í verkefnið að fullum krafti á ný.

Í kostnaðaráætlun, sem send var með umsókn um styrk til þróunarverkefnisins var einugis gert ráð fyrir kostnaði við fundahöld vegna vegna verkefnisins, faglegri ráðgjöf, skrifstofu- og öðrum kostnaði, samtals upp á 525.000. Styrkur fékkst til verkefnisins upp á kr. 300.000.- Kostnaður við brautina er mun meiri en gert er ráð fyrir skv. reiknilíkani. Styrkur vegna þróunar brautarinnar var því notaður til að greiða hluta af þeim kostnaði sem tilgreindur var í umsókn.

Áhrif verkefnis á skólastarfið í heild

Almenn námsbraut er hluti af því námsframboði sem nemendum stendur til boða að loknu grunnskólanámi. Það er afar mikilvægt að þeir nemendur sem þurfa betri undirbúning til þess að geta hafið nám á stúdents- og verknámsbrautum framhaldsskóla, geti fengið aðstoð til þess.

Nú er það svo að einungis hluti framhaldsskóla landsins býður upp á almenna námsbraut. Það hefur í för með sér að sá stóri hópur nemenda sem þarf þessa aðstoð skiptist því á færri skóla en æskilegt er. Því fylgir hætta á að hlutfall nemenda sem svo er ástatt um getur orðið stærra en æskilegt er, til þess að ákveðið jafnvægi ríki í skólastarfi. bæði hvað varðar kostnað við skólastarf og vinnuálag á starfsmenn hans. Framhaldsskólinn á Laugum er með eina deild á almennri braut og verður það áfram.

Nemendafjöldi verður takmarkaður við 12-16 nemendur í deildinni. Ástæða þess er að FL er fámennur skóli, með fáa kennara. Starf á almennu brautinni krefst miklis af þeim kennurum sem þar kenna, auk þess sem þeir kenna á öðrum brautum. Þá er eðlilegt að ganga út frá því að hlutfall þeirra nemenda sem stunda nám á almennri braut sé ekki of hátt miðað við fjölda nemenda sem stunda nám á öðrum brautum skólans. Félagslega féllu nemendur almennrar brautar vel að öðrum nemendum skólans, enda mikil samheldni ríkjandi í skólanum.

Nemendafjöldi, staðsetning og aðbúnaður allur stuðlar að því, svo og að nemendur skólans eru þversnið af nemendum annarra framhaldsskóla, sumir eru sterkir og mjög sterkir námsmenn, aðrir miðlungs og enn aðrir þurfa góðan stuning. Það er álit okkar að slík samsetning sé góð, enda er hún í raun spegilmýnd af því þjóðfélagi sem verið er að búa þetta unga fólk undir að taka við.

Umsagnir þátttakenda

Dæmi úr umsögnum kennara: "Almennt má segja að þetta hafi gengið vel. Jákvæðir þættir eru t.d. þeir að vel tókst að vinna gegn þeim skólaleiða sem einkenndi nemendur í upphafi". "Ég held að segja megi að sjálfsmýnd þeirra hafi styrkst jafnt og þétt eftir því sem þessir nemendur fundu einhvern tilgang með vinnu sinni hér." "Eins og gefur að skilja koma nemendur inn á almenna námsbraut í mjög misjöfnu

ástandi, námslega og félagslega. Af þessum ástæðum hlýtur það að vera svolítið misjafnt á hvaða þætti áhersla er lögð í vinnu með þeim." "Það kom í ljós þegar ég var að vinna með þessum nemendum í verknáminu hversu mikill munur var á aðlögunarhæfileikum og sveigjanleika þessara nemenda." "Ég hallast að því að opna fyrir meira einstaklinsnám."

"Þetta er og verður þróunarverkefni og á hverju ári munu koma upp einhverjir agnúar sem sníða þarf af hverju sinni."

Og dæmi úr umsögnum nemenda: "Ég hélt að þetta yrði rosalega leiðinlegt. En svo er þetta búið að vera ýkt fjör." "Þetta er í fyrsta sinn sem ég læri heima." Ég vona að þetta sé nógu gott. Þetta er nefnilega fyrsta alvöru ritgerðin mín." "Það mætti nú alveg vera minna heimanám." "Ég og kærastinn minn ætlum að verða stúdentar héðan frá Laugum."

"Þetta er í fyrsta skipti sem ég er í skóla og hata ekki að minnsta kosti einn kennara."